

Mál nr. 62/2021**M og
V vegna slysátryggingar.****Ágreiningur um sönnun líkamstjóns vegna falls úr tröppu í desember 2018.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 15. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 2. mars 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast 18. desember 2018 þegar hann féll úr tröppu. V hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingu þar sem það telur ósannað að óþægindi M nú stafi af því atviki.

M rekur í málskoti heilsufarssögu sína og meðal annars brjós-klos og aðgerð vegna þess árið 1995. Árið 2017 kveðst M hafi fengið aftur einkenni vegna brjós-kloss og verið í sjúkrahjálfun vegna þess, en aldrei losnað við seyðing niður í fótlegg vegna þess, en verið vinnufær þegar hann lenti í slysi í desember 2018. M segist hafa verið að stíga niður úr tröppu þegar fótur hans flæktist í slöngu og hafi hann fallið við það á jörðina, lent illa á hægri hlið, rekið höfuðið í gólf og misst við það meðvitund. M kveðst hafa verið í sjúkrahjálfunarmeðferð allt árið 2019 en leitar til læknis í nóvember það ár. M telur að með skýrslu sjúkrahjálfa-rá se sýnt fram á að einkenni hans séu að rekja til slysaáverka en ekki annarra kvilla. Einnig telur hann það stutt læknisvottorði dags. 5. júlí 2020. M lýsir gríðarlegum áhrifum slyssins á vinnufærni sína og telur ljóst að það hafi leitt til óvinnufærni hans nú.

V hefur, eins og áður segir, hafnað bótaskyldu og telur ekki fyllilega sannað að einkenni M sé hægt að rekja til slyss í desember 2018. V bendir á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til V fyrr en tæpu ári eftir að það átti sér stað, M sé einn til frásagnar um hvað gerðist og engum samtímagögnum sé til að dreifa til staðfestingar á líkamstjóni þann dag. V vísar einnig til þess að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en tæpum 11 mánuðum eftir þann dag sem hann kveðst hafa lent í slysi og þá með einkenni sem gætu tengst því atviki. Einnig sé það staðfest í læknisfræðilegum gögnum að læknirinn sem tók á móti M í nóvember 2019 minnst þess ekki að slysið hafi komið til umræðu. V telur að ódagsett skýrsla sjúkrahjálfa-rá feli ekki í sér ótvíræða sönnun á afleiðingum mögulegs slysaatviks. V vísar til þess að ekkert læknisfræðilegt mat liggi fyrir um mögulegar afleiðingar slyss M og telur ósannað að þau óþægindi sem hann hefur í dag sé eingöngu hægt að rekja til þess.

Álit.

Í gögnum málsins kemur ótvírætt fram að M leitaði sér ekki læknisaðstoðar vegna afleiðinga þess falls sem hann lýsir að hafi átt sér stað hinn 18. desember 2018. Ekki voru vitni að atburðinum eða nokkur samtímagögn sem sýna hvaða afleiðingar fallið hafði. Skýrsla sjúkrahjálfa-rá,sem var með M til meðferðar bæði fyrir og eftir atvikið, gefur einhverjar vísbendingar um að meðferð hafi verið öðruvísi háttað á árinu 2019 en áður en sú skýrsla felur ekki í sér ótvíræða sönnun um hvaða óþægindi M sé hægt að rekja til mögulegs slysaatviks og hvort og þá hvernig það geti tengst öðrum atvikum eða fyrra heilsufari. M leitaði ekki til læknis vegna einkenna sinna í um 11 mánuði eftir atvikið og ekki liggur fyrir ótvírætt læknisfræðilegt mat um sönnun orsakatengsla. M ber sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir tjóni við það atvik sem hann lýsir að hafi átt sér stað hinn 18. desember 2020 og ef svo er hvert mögulegt umfang þess tjóns getur verið. Hallann af sönnunarskorti um það ber M og verður ekki fallist á að fyrirbyggjandi gögn nægi til sönnunar. M á því ekki, m.v. fyrirbyggjandi gögn, rétt á bótum úr slysátryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.